

Afgreiðslustarf á lager - tímabundið til áramóta

564807



Vegagerðin óskar eftir að ráða starfsmann til að sjá um afgreiðslu á lager í rekstardeild.

Starfið felur í sér skráningu í birgðabókhalði, móttaka og afgreiðsla á skrifstofuvörum og varahlutum. Einnig umhirða á bílum í bílabanka og önnur tilfallandi verkefni. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 08:00-15:55.

Leitað er að einstaklingi sem er stundvís, áreiðanlegur og með reynslu af tölum. Unnið er á Oracle bókhaldskerfi. Ráðið verður í starfið strax.

Skráning og upplýsingar á www.vinna.is

Vinna.is
Sími 511-1144
www.vinna.is



StoreVision-Nordic

Vantar laghentan, heiðarlegan starfsmann sem getur unnið og hugsað sjálfstætt í fjölbreytt starf við uppsetningar á eftirlitsbúnaði, hugbúnaði og köpplum um allt land. Framtíðarstarf fyrir réttan aðila. Lámarksaldur 25 ár, reynsla af sambærilegu starfi er kostur ekki skilyrði og hreint sakavottorð.

Sendið umsóknir ásamt ferilskrá með meðmælendum á magnus@storevision.com

nánari upplýsingar í síma 517 0069 á milli kl 9-15

Smáratorg er alþjóðlegt fasteignafélag, sem á og rekur meðal annars verslunarmiðstöðvarnar Smáratorg og Glerártorg.

Félagið vinnur nú að þeim framkvæmdum að reisa 20 hæða skrifstofuturn í Kópavogi, stækka Glerártorg og byggja verslunarmiðstöð við Vesturlandsveg.

www.stra.is



Framkvæmdastjóri Smáratorgs á Íslandi

Við leitum að reynsluríkum og öflugum stjórnanda til að annast rekstur fasteigna fyrir Eignarhaldsfélagið SMÁRATORG á Íslandi.

Framkvæmdastjóri mun annast;

- * Daglegan rekstur félagsins.
- * Útleigu á nýju húsnæði og umsjón með núverandi leigusamningum.
- * Þróun nýrra verkefna og samskipti við opinbera aðila.
- * Áætlanagerð og annað það er fellur undir ábyrgð framkvæmdastjóra.

Framkvæmdastjóri verður jafnframt þátttakandi í lykilteymi félagsins og tekur þátt í stefnumótun og markmiðasetningu.

Hæfniskröfur eru að umsækjendur hafi háskólamenntun á sviði viðskipta og reksturs, og/eða með haldbæra reynslu af sambærilegum störfum. Áhersla er lögð á mjög góða stjórnunar- og samhæfingarhæfileika, frumkvæði og framsækni, skipulagshæfni, styrk í mannlegum samskiptum og faglegan metnað. Reynsla af stjórnunarstörfum er skilyrði.

Vinsamlega athugið að fyrirspurnum verður eingöngu svarað hjá STRÁ MRI. Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Guðný Harðardóttir hjá STRÁ MRI, gudny@stra.is, svarar fyrirspurnum, en viðtalstímar eru frá kl. 13-15. Vinsamlega sendið eigin starfsferilskrár til stra@stra.is ásamt viðeigandi prófgögnum. Umsóknarfrestur er til og með 28. febrúar nk. Upplýsingar má einnig nálgast á heimasíðu www.stra.is.



Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík - sími 588 3031 - www.stra.is



Microsoft á Íslandi er hluti af Microsoft Corporation. Hlutverk Microsoft á Íslandi felst fyrst og fremst í viðskiptatengslum við íslensk fyrirtæki og samstarfsaðila auk samræmingar við alþjóðastefnu Microsoft Corporation. Skrifstofa Microsoft Íslandi er að Engjateigi 7.

Mannauðsstefna Microsoft er að veita einstaklingum tækifæri til nýta faglega og persónulega hæfileika sína til fullnustu.

Ef þú:

- Hefur metnað
- Hefur hæfileika
- Átt gott með að leiða margþætt og krefjandi verkefni
- Átt auðvelt með samskipti við fólk

Þá býðst þér:

- Spannandi og krefjandi starf með mikla ábyrgð
- Alþjóðlegt starfsumhverfi
- Laun í samræmi við hæfileika, getu og reynslu

STÖRFIN SEM ÞÚ HEFUR BEÐIÐ EFTIR!

Microsoft Dynamics Tele Account Manager

Starfssvið:

- Starfssvið er innan viðskiptalausna Microsoft – Microsoft Dynamics
- Vinna með samstarfsaðilum Microsoft að viðburðum, herferðum og öðrum sölutengdum verkefnum
- Umsjón með herferðum í gegnum síma til íslenskra viðskiptavina
- Skráning á gögnum um viðskiptavinum, samskipti við samstarfsaðila og lykilstjórnendur

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun skilyrði, menntun á sviði viðskipta- eða tölvunarfræði æskileg
- Reynsla af sölu og samskiptum við stjórnendur fyrirtækja og stofnana æskileg
- Góð kunnátta í Microsoft hugbúnaði og lausnum
- Kunnátta í viðskiptahugbúnaði
- Góðir skipulagshæfileikar
- Framtakssemi og frumkvæði í samskiptum við viðskiptavinum
- Góð færni í íslensku og ensku er skilyrði og hæfni við að koma frá sér upplýsingum í töluðu og skrifuðu máli

Partner Technology Specialist

Starfssvið:

- Ábyrgð og umsjón með að kynna tækni Microsoft fyrir 500 stærstu fyrirtækjum á Íslandi
- Vinna með söluaðilum Microsoft í að auka veg lausna sem byggja á Microsoft tækni
- Ábyrgð og umsjón með fyrirlestrum og kynningum á Microsoft tækni fyrir ýmsa markhópa
- Samvinna með viðskiptastjórum og markaðsstjóra við að greina og meta markaðinn og vinna herferðir og kynningar

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun skilyrði, menntun á sviði tölvunar- eða viðskiptafræði æskileg
- Framhaldsmenntun mikill kostur (M.Sc./MBA)
- Reynsla af verkefnum í upplýsingatæknimálum nauðsynleg
- Reynsla af tæknilegri sölu á sviði upplýsingatæknimála til viðskiptavina æskileg
- Mikill sannfæringakraftur og brennandi áhugi
- Góð kunnátta í íslensku og ensku sem og góð almenn tölvukunnátta
- Framsýni og hæfni til þess að vinna skipulega og sjálfstætt, sem og mikil hæfni í mannlegum samskiptum
- Framsýni og metnaður í starfi, gæða- og árangursdrifni

Umsjón með störfunum hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Guðríður D. Hálfðanardóttir (gudridur.halfdanardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 4. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störfín á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



NÝ OG ÖGRANDI VERKEFNI

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) óska eftir að ráða öfluga einstaklinga í fjölbreytt og krefjandi sérfræðingsstörf. Í boði eru tækifæri til að taka þátt í mótun nýrra heildarsamtaka fjármálageirans á Íslandi. Töluverð alþjóðleg samskipti fylgja störfunum.

Tilgangur SFF:

- Að vera málsvari fjármálafyrirtækja í hagsmunamálum þeirra
- Að stuðla að samkeppnishæfum starfsskilyrðum íslenskra fjármálafyrirtækja
- Að taka þátt í erlendu hagsmunasamstarfi fjármálafyrirtækja
- Að auka skilning á mikilvægi fjármálafyrirtækja fyrir íslenskan efnahag

Lögfræðingur á fjármálamarkaðssviði

Starfssvið:

- Lögfræðileg verkefni fyrir samtökin
- Þátttaka í mótun framtíðarsýnar íslensks fjármálaumhverfis
- Ráðgjöf til samstarfsaðila
- Erlend samskipti

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði lögfræði
- Starfsreynsla af fjármálamarkaði mikill kostur
- Áhugi á efnahagsmálum
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Góð kunnátta í íslensku og ensku - geta til að tjá sig í ræðu og riti
- Nákvæm og sjálfstæð vinnubrögð

Sérfræðingur á upplýsinga og tölfraeðisviði

Starfssvið

- Greiningarvinna og tölfraeðilegar úttektir
- Skrif skýrslna og greinargerða
- Umsjón með upplýsingamiðlun um fjármálamarkað og tengsl hans við þjóðarþúskapinn

Menntunar- og hæfniskröfur

- BS gráða í hagfræði, viðskiptafræði eða sambærileg menntun skilyrði, framhaldsmenntun kostur
- Reynsla af gagnaöflun og greiningarvinnu sem og vinnu með tölfraeðileg gögn
- Reynsla af gerð kynningarefnis
- Áhugi og þekking á efnahagsmálum skilyrði sem og geta til þess að setja fram nýjar hugmyndir á þessu sviði
- Mjög góð tölvukunnátta sem og þekking á tölfraeðiforritum
- Góð kunnátta í íslensku og ensku - geta til að tjá sig í ræðu og riti
- Nákvæm og sjálfstæð vinnubrögð

Umsjón með störfunum hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Guðríður D. Hálfðanardóttir (gudridur.halfdanardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 4. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störfín á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.

VERKEFNASTJÓRI

Staða verkefnastjóra Vegagerðarinnar hjá nýframkvæmdum Norðvestursvæðis með aðsetur á Ísafirði er laus til umsóknar. Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags.

Starfssvið

- Umsjón og eftirlit með framkvæmdum
- Áætlanagerð og kostnaðareftirlit
- Magnuppgjör og skýrslugerð

Menntunar- og hæfniskröfur

- Byggingartækniþræði eða byggingarverkþræði
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Góðir samstarfshæfileikar

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Guðlaugur Arnarsson (gudlaugur.arnarsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 5. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningum LN og Starfsmannafélags Seltjarnarness.

Framkvæmdastjóri fræðslu- og menningarsviðs er yfirmaður menningar- og fræðslufulltrúa.

Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru konur jafnt sem karlar hvött til að sækja um starfið.

MENNINGAR- OG FRÆÐSLUFULLTRÚI

Seltjarnarnesbær auglýsir lausa til umsóknar stöðu menningar- og fræðslufulltrúa.

Menningar- og fræðslufulltrúi er starfsmaður fræðslu- og menningarsviðs Seltjarnarnesbæjar og starfar að málefnum sviðsins í samvinnu við framkvæmdastjóra og leikskólafulltrúa. Um er að ræða mjög fjölbreytt og lifandi starf á sviði fræðslu-, menningar-, þróunar- og kynningarmála.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð tölvukunnátta og gott vald á íslensku
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Reynsla af menningarmálum, kynningarstarfi eða verkefnastjórnun kostur
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu æskileg

Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Guðlaugur Arnarsson (gudlaugur.arnarsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 11. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

STJÓRNENDUR

Vegna aukinna verkefna og aukinnar markaðshlutdeildar óskar Vatnsvirkinn að ráða einstaklinga í neðangreind störf:

Fjármálastjóri

Starfssvið:

- Ábyrgð og umsjón með fjármálum fyrirtækisins
- Áætlanagerð
- Uppgjör
- Lánastýring og kostnaðareftirlit
- Skýrslugerð og upplýsingagjöf til stjórnenda

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í viðskiptafræði
- Reynsla af fjármálastjórnun æskileg
- Reynsla/þekking á uppgjörum, kostnaðareftirliti og gerð fjárhagsáætlana
- Metnaður og árangursdrifni
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

Sölustjóri

Starfssvið:

- Umsjón og ábyrgð á allri sölu fyrirtækisins
- Kynningar- og markaðsvinna
- Samskipti við viðskiptavinum, tilboðs- og samningagerð
- Gerð sölu- og markaðsáætlana
- Samskipti og aðstoð við umboðsmenn.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun á sviði verk- eða tækniþræði er kostur, einnig í byggingafræði eða iðnmenntun
- Þekking og skilningur á rekstri og stjórnun
- Reynsla af sölu- og markaðsstarfi
- Brennandi áhugi á sölu sem og mikill metnaður í starfi
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi
- Samskiptahæfni

Rekstrarstjóri verslana

Starfssvið:

- Umsjón og ábyrgð á rekstri allra verslana fyrirtækisins
- Uppbygging verkferla og eftirlit
- Umsjón og eftirlit með útliti verslana og framsetningu vöru
- Þjónusta og þjónustukannanir
- Starfsmannahald

Hæfniskröfur:

- Reynsla af verslunarstjórn eða sambærilegu nauðsynleg
- Stjórnunarhæfni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Þekking og skilningur á rekstri og stjórnun
- Skipulagshæfni
- Árangursdrifni og metnaður

Leitað er að kraftmiklum og drífandi einstaklingum sem sýna frumkvæði og metnað í starfi. Viðkomandi einstaklingar munu taka þátt í áframhaldandi uppbyggingu og þróun fyrirtækisins.

Umsjón með störfunum hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildur.arnardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 4. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

VATNSVIRKINN



Vatnsvirkinn er þjónustufyrirtæki á lagnasviði fyrir pípu­lagningamenn, vatnsveitur og almenna neytendur. Fyrirtækið býður uppá fjölbreytt vöruúrval fyrir aðrennsli og frárennsli vatns, hvort sem vatnið er heitt eða kalt. Vatnsvirkinn býður eingöngu uppá vatnslag­naefni sem hefur verið prófað og fengið gæðavottun hjá virtum stofnunum.

Verslanir fyrirtækisins eru staðsettar í Ármúla 21 en þar eru bæði hreinlætistækj­adeild og lagnadeild, Dalshrauni 13 í Hafnarfirði, Smiðju­vegi 5 í Kópavogi pípu­lag­na­verslun og á Smiðju­vegi 44d en þar er skrifstofa fyrirtækisins staðsett.

Smiðir

Vegna góðrar verkefnastöðu óskar Byggingarfélag Gylfa og Gunnars eftir smiðum í mælingavinnu.

Nánari upplýsingar veita Guðjón í síma 562-2991 eða 693-7305 og Gunnar í síma 693-7310.



Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf.
Borgartún 31. 105. Reykjavík.

www.bygg.is

Hjá okkur er virkt starfsmannafélag og góður aðbúnaður. Við leitum eftir fólki á öllum aldri.

Afgreiðslu- og sölustarf

Ört stækkandi og framsækið fyrirtæki með iðnaðarvörur óskar eftir að ráða kraftmikinn sölumann til starfa. Um fjölbreytt starf er að ræða en í því felst sala og þjónusta við viðskiptavinum í verslun og heimsóknir í fyrirtæki.

Reyklaus vinnustaður

Umsóknir sendist afgreiðslu Fréttablaðsins eða á box@frett.is merkt "Afgreiðslu- og sölustarf".

Vilt þú læra til þjóns undir handleiðslu eins mest verðlaunaða framreiðslu-meistara landsins?

Við á **Einari Ben.** erum að leita að ungri og áhuga-samri manneskju sem vill læra til þjóns. Við bjóðum upp á fjölbreytt nám fyrir metnaðar fullt fólk. Neminn okkar er undir handleiðslu Stefáns Guðjónssonar margverðlaunaðs vinnþjóns og framreiðslu manns ársins.

Vinsamlegast hafið samband við Stefán gsm:693-6526 eða Jón Páll gsm:822-3313.



REKSTRARSTJÓRI (STORE MANAGER)

Toys "R" Us, er leiðandi í smásölu á leikföngum og ungubarnavörum á heimsvísu. Fyrirtækið rekur 587 leikfangaverslanir í Bandaríkjunum og tæplega 650 leikfangaverslanir víðsvegar um heiminn, þ.m.t. verslanir sem reknar eru af sér- og svæðisleyfishöfum.

Leitað er að jákvæðum og drífandi aðila með mikla þjónustuvitund og söluhæfileika. Viðkomandi verður jafnframt að hafa bein í nefinu, vera áráðin(n) og hafa auga fyrir smáatriðum hvað varðar verslunina. Starfsþjálfun fer fram erlendis í byrjun máí.

Starfssvið

- Yfirumsjón með rekstri og stjórnun verslunarinnar
- Starfsmannastjórnun
- Áætlanagerð (rekstrar-, sölu- og markaðsáætlanir)
- Innkaup og stýring lagers og birgða
- Samskipti við TOYS "R" US verslanir erlendis og fylgjast með nýjungum á markaðinum
- Samskipti og þjónusta við viðskiptavinum
- Sala, þjónusta og ráðgjöf í versluninni

Menntunar- og hæfniskröfur

- Góð reynsla af verslunar- og stjórnunarstörfum skilyrði
- Stjórnunar- og leiðtogahæfileikar
- Reynsla af sölumennsku nauðsynleg
- Reynsla og áhugi á mannauðsmálum
- Góð enskukunnátta nauðsynleg
- Afburða samskiptahæfni

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Guðlaugur Arnarsson (guðlaugur.arnarsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 4. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



FORSTÖÐUMAÐUR INNRI OG YTRI SAMSKIPTA

Alfesca er leiðandi á mörkuðum fyrir helstu afurðir sínar - reyktar laxaafurðir, anda- og gæsaafurðir, kældar skelfiskafurðir, blini, ýmsar snakk- og smurvörur auk ýmissa tilbúinna rétta. Vörur Alfesca eru seldar undir vörumerkjum Labeyrie, Blini, Delpierre, Skandia, Lyons og Farne en félagið er einnig með sterka stöðu í vörumerkjum verslanakeðja. Áætluð ársvelta Alfesca er um 650 milljónir evra en 3.500 manns starfa hjá félaginu.

Alfesca er skráð í Kauphöll Íslands (ICEX: A).

Um er að ræða mjög spennandi starf í alþjóðlegu umhverfi og starfið krefst töluverðra ferðalaga erlendis. Viðkomandi mun sitja alla framkvæmdarstjórnarfundir félagsins. Ráðið verður í starfið sem fyrst.

Starfssvið

- Umsjón og ábyrgð með innri og ytri samskiptum Alfesca
- Skipulagning og yfirumsjón með kynningarstarfi Alfesca
- Samskipti við Kauphöll, fjölmiðla, fjárfesta og greiningardeildir
- Yfirumsjón með starfsemi fyrirtækisins á Íslandi
- Gerð kynningarrefnis um verkefni sem félagið og dótturfélög þess taka sér fyrir hendur í samstarfi við stjórnendur
- Yfirumsjón með vinnslu og gerð ársskýrslu

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í viðskiptafræði af fjármálasviði æskilegt
- Reynsla úr fjármálageiranum æskileg
- Góð íslensku- og enskukunnátta og hæfni til að setja fram mál í ræðu og riti
- Áhugi fyrir að starfa í alþjóðumhverfi
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Sveigjanleiki og hæfni til að vinna undir álagi
- Frönskukunnátta kostur

Forstöðumaður heyrir beint undir forstjóra og vinnur náið með fjármálastjóra og framkvæmdastjóra viðskiptaþróunar.

Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Sigurður J. Eysteinnsson (sigurdur.eysteinnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 4. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is og senda með **ferilskrá á ensku**. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Launafulltrúi

IKEA óskar eftir að ráða launafulltrúa. Um tímabundið starf er að ræða fram á haust 2008.

Verksvið:

- Útreikningur launa
- Miðlun launatengdra upplýsinga til stjórnenda fyrirtækisins
- Ábyrgð á tímaskráningu starfsmanna
- Afstemming á launaliðum
- Aðstoð við önnur störf ef þarf, svo sem söluuppgjör, upplýsingamiðlun við gerð mannauðs-mælikvarða, gerð ráðningasamninga ofl.

Hæfniskröfur og eiginleikar:

- Reynsla af launavinnslu
- Stúdentspróf
- Góð tölvukunnátta
- Talnagleggni
- Nákvæmni, samviskusemi og skipulagshæfni
- Heiðarleiki og áreiðanleiki

Æskilegt er að viðkomandi hafi góða þekkingu á kjarasamningum VR og SA.

IKEA býður upp á fjölbreytt og lifandi starfsumhverfi. Starfsfólki gefst tækifæri til að vaxa í starfi, axla ábyrgð og vera mikilvægur hlekkur í kraftmiklu og ört vaxandi fyrirtæki.

Áhugasamir sendi ferilskrá til Fjölu K. Helgadóttur aðstoðarstarfsmannastjóra (fjola@ikea.is) eða fylli út umsókn á www.ikea.is fyrir 5. mars 2007.



Matráður hlutastarf

Síminn

800 7000 - siminn.is

Síminn óskar eftir að ráða matráð í 50% starf í mötuneyti Símans Ármúla 25. Um framtíðarstarf er ræða.

Í starfinu felst m.a. að aðstoða matreiðslumann við undirbúning á hádegisverði fyrir starfsfólk, afgreiða hádegismat og sjá um þjónustu vegna funda.

Vinnutími er frá ca 10-14 alla virka daga.

Við leitum að þjónustuliprum og áreiðanlegum einstaklingi, sem getur hafið störf sem fyrst.

Í umsókn skal koma fram lýsing á náms- og starfsferli sem og nöfn og símanúmer meðmælenda. Gætt verður fyllsta trúnaðar varðandi allar umsóknir, fyrirspurnir og persónulegar upplýsingar. Umsóknir skulu berast á rafrænu formi í gegnum heimasíðu Símans, www.siminn.is

Gildi Símans eru fimm: traust, heilindi, lipurð, einfaldleiki og eldmóður. Starfsmenn Símans hafa þessi gildi að leiðarljósi í öllum störfum sínum.

Umsóknarfrestur er til 4. mars.



Eimskip er alþjóðlegt flutningafyrirtæki með starfsemi í 21 landi. Hjá fyrirtækinu starfa um 8.500 manns í spennandi og fjölbreyttu vinnuumhverfi.

Þjónustunet Eimskips samanstendur af 163 skrifstofum félagsins í Evrópu, N-Ameríku, S-Ameríku og Asíu, tæplega 50 skipum, 1.350 flutningabílum og tengivögnum og yfir 100 kæli- og frystigeymslum í Evrópu, N-Ameríku og Asíu, ásamt dótturfélögum og samstarfsaðilum.

Rafvéla- eða rafvirki

Eimskip óskar eftir að ráða rafvéla- eða rafvirkja til framtíðarstarfa á rafmagnsverkstæði fyrirtækisins í Sundahöfn. Í boði er fjölbreytt og krefjandi starfsumhverfi hjá traustu fyrirtæki. Unnið er á tvískiptum vöktum alla virka daga. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Hæfniskröfur:

- Sveinspróf í rafvélavirkjun eða rafvirkjun.
- Reynsla af viðgerðum á rafvélum og raflögnum (nýlögnum og viðhaldi) er æskileg.
- Reynsla af viðgerðum frystivéla er æskileg.
- Íslenskukunnátta er skilyrði.
- Færni í mannlegum samskiptum.
- Góð þjónustulund og jákvæðni.
- Nauðsynlegt að geta unnið undir álagi.
- Hreint sakavottorð er skilyrði.

Umsjón með ráðningunni hefur Heiðrún Helgadóttir, sérfræðingur á starfsþróunarsviði Eimskips, í síma 525 7363, netfang hhd@eimskip.is.

Við hvetjum áhugasama til að sækja um á heimasíðu okkar www.eimskip.is.
Umsóknarfrestur er til og með 8. mars 2007.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Árni Pálsson verkstjóri á rafmagnsverkstæði, í síma 525 7181 eða 825 7181. Netfang: arp@eimskip.is.

Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

Korngörðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | Fax 525 7709 | www.eimskip.is



GOTT FÓLK!

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra. Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar.

Starfsmenn Capacent starfa eftir ákveðnum verkferlum til að tryggja bæði gæði þjónustunnar og fagleg vinnubrögð. Ráðgjafarnir búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.



Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Afgreiðslustörf

Samkaup strax

Samkaup hf. rekur 38 verslanir undir merkjum Samkaup úrval, Samkaup strax, Kaskó og Nettó og eru þær víða um landið.

Hjá Samkaupum hf. starfa í dag 750 manns og margir með langan starfsaldur. Frekari upplýsingar má finna á heimasíðu.

www.Samkaup.is

Ný verslun, ný tækifæri!

Samkaup strax, Búðakór óska að ráða starfsmenn til almennra verslunarstarfa.

Störfin felast í móttöku vara, uppröðun í hillur, þjónustu við viðskiptavinum og afgreiðslu á kassa.

Þjónustulund, stundvísi og öguð vinnubrögð eru eiginleikar sem við leitum að. Reynsla af verslunarstörfum er mikill kostur.

Við leitum eftir fólki bæði í dagvinnu og kvöld- og helgarvinnu.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is fyrir 5. mars nk.

Frekari upplýsingar veita Arna Pálsdóttir og Baldur Jónsson hjá Hagvangi. Netföng: arna@hagvangur.is og baldur@hagvangur.is



- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is

Leikskólakennarar

Lausar stöður við leikskóla á Fljótsdalshéraði:

Leikskólinn Hádegishöfði, Fellabæ

- Leikskólakennarar
Netfang: vala@fell.is

Leikskólinn Skógarland, Egilsstöðum

- Deildarstjóri
- Leikskólakennarar
Netfang: hanna@egilsstadir.is

Leikskólinn Tjarnarland, Egilsstöðum

- Leikskólakennarar
Netfang: adalbjorg@egilsstadir.is

Leikskólinn Skógarsel, Hallormsstað

- Leikskólakennarar
Netfang: disa@egilsstadir.is

Umsóknarfrestur er til **23. mars** 2007.

Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um störf.

Nánari upplýsingar eru veittar hjá leikskólafulltrúa, s. 4 700 700, netfang: olof@fljotsdalsherad.is, og hjá leikskólastjóra hvers skóla. Sjá ennfreður á www.fljotsdalsherad.is og www.job.is.

Fljótsdalshérað



Fljótsdalshérað

Fljótsdalshérað - Lyngási 12 - 700 Egilsstaðir - sími 4 700 700 - www.fljotsdalsherad.is



Reykjavíkurborg
Leikskólasvið



Leikskólastjóri

Laus er staða leikskólastjóra í leikskólanum Aegisborg, Aegisíðu 104.

Leikskólinn er fjögurra deilda þar sem dvelja 86 börn samtímis. Í starfi leikskólans er megináhersla lögð á tónlist, frjálsan leik og skapandi starf.

Reykjavíkurborg leggur áherslu á að leikskólar móti hver sína sérstöðu og hafi faglegt og fjárhagslegt sjálfstæði. Í skóla-námsskrá leikskólans, sem er samin af starfsfólki í samvinnu við foreldra, birtist sérstaða leikskólans, framtíðarsýn hans og markmið.

Meginverkefni leikskólastjóra eru að vera faglegur leiðtogi og bera ábyrgð á uppeldis- og menntastarfi leikskólans. Leikskólastjóri ber einnig ábyrgð á rekstri og starfsmannastjórnun í leikskólanum.

Menntunar og hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun er áskilin
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar, uppeldis- og/eða menntunarfræða er æskileg
- Stjórnunarhæfileikar og reynsla af stjórnun

- Þekking á rekstri og tölvukunnátta
- Góð skipulagshæfni, frumkvæði og metnaður í starfi
- Lipurð í mannlegum samskiptum

Umsóknum fylgi starfsferilsskrá með yfirliti yfir nám og fyrri störf.

Umsóknarfrestur er til 12. mars nk. Staðan er laus frá 1. júní nk.

Umsóknir sendist til skrifstofu Leikskólasviðs Reykjavíkur, Fríkirkjuvegi 1.

Upplýsingar veita Hildur Skarphéðinsdóttir skrifstofustjóri leikskólaskrifstofu (hildur.skarphedinsdottir@reykjavik.is) eða Ingunn Gísladóttir starfsmannastjóri Leikskólasviðs (ingunn.gisladottir@reykjavik.is) í síma 411 7000.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Félags leikskólakennara og Launaneðndar sveitarfélaga.

Nánari upplýsingar um laus störf á Leikskólasviði er að finna á www.leikskolasvid.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauklýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf
Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.



Heilbrigðisstofnun Suðausturlands, Hornafirði

Hjúkrunarstjóri á hjúkrunarsviði

Hjúkrunarstjóri óskast á hjúkrunarsvið HSSA, um er að ræða 100% starf, sem er laust frá 1. júlí n.k. en æskilegt væri að hefja störf fyrir.

Á hjúkrunarsviði er hjúkrunardeild fyrir 24 í langlegu, 4 sjúkrarými, 2 rými fyrir sængurkonur og 6 dvalarrými.

Æskilegt er að umsækjendur hafi reynslu/menntun í stjórnun.

Hjúkrunarstjóri situr í framkvæmdaráði stofnunarinnar ásamt yfirlækni, hjúkrunarstjóra heilsugæslu og framkvæmdastjóra.

Um að ræða mjög fjölbreytt og gefandi starf í fallegu umhverfi.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og stofnanasamningi HSSA.

Umsóknarfrestur er til 1 apríl n.k. og skal skila umsókn-um ásamt upplýsingum um menntun og starfsreynslu til framkvæmdastjóra HSSA, Víkurbraut 29-31, 780 Hornafjörður.

Nánari upplýsingar um starfið veita Jóhanna S. Kristjánsdóttir hjúkrunarstjóri sími 478-2321 / 894-4247 johannak@hssa.is og

Guðrún J. Jónsdóttir framkvæmdastjóri sími 478-1400 / 866-3051, gjj@hssa.is.

Síminn



Öflugur
verkamaður

800 7000 - siminn.is

Síminn óskar eftir að ráða öfluga verkamenn með góða almenna starfsreynslu til starfa hjá Fjarskiptaneti félagsins á höfuðborgarsvæðinu.

Hjá FN-þjónustu vinnur samheldinn hópur og starfsandinn er góður. Starfsumhverfið er ágætt og vel tækjum búið.

Viðkomandi þarf að hafa náð 25 ára aldri, vera duglegur, kraftmikill og jákvæður einstaklingur. Samviskusemi og samskiptahæfileikar eru skilyrði og meirapróf er kostur.

Í umsókn skal koma fram lýsing á náms- og starfsferli sem og nöfn og símanúmer meðmælenda. Gætt verður fyllsta trúnaðar varðandi allar umsóknir, fyrirspurnir og persónulegar upplýsingar. Umsóknir skulu berast á rafrænu formi í gegnum heimasíðu Símans, www.siminn.is

Umsóknarfrestur er til 5. mars.

Gildi Símans eru fimm: traust, heilindi, lipurð, einfaldleiki og eldmóður. Starfsmenn Símans hafa þessi gildi að leiðarljósi í öllum störfum sínum.

**Lausar stöður í veislunni:**

- 100% starf í smurbrauðsdeild.
- 100% starf við þrif og uppvask.
- Vegna mikilla anna framundan óskum við eftir starfsfólki í aukavinnu á öllum sviðum.

Skemmtileg og krefjandi störf

Áhugasamir eru velkomnir í Veisluna á Austurströnd 12, Seltjarnarnesi. Eða í síma 561-2031, einnig er hægt að senda tölvupóst á veislan@veislan.is www.veislan.is

**Mjólkurfræðingur**

MS Blönduósi óskar eftir að ráða mjólkurfræðing til starfa sem fyrst. Í starfsstöðinni á Blönduósi er framleitt mjólkurduft, rjómaostar, kryddsmjör og viðbit.

Nánari upplýsingar gefur Jón K. Baldursson í síma 569-2220. Umsóknarfrestur er til 2. mars nk. og skulu umsóknir berast til starfsmannastjóra, Bitruhálsi 1, 110 Reykjavík eða á netfangið starfsmannasvid@ms.is

Mjólkursamsalan ehf. er framleiðslu-, þjónustu- og markaðsfyrirtæki í mjólkuriðnaði. Hjá Mjólkursamsölunni og dótturfyrirtækjum starfa um 550 manns.



Kolbrún metur lykt af laxi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Skynfæri mannsins bestu mælitækin

Sjón, bragð-, lyktar- og snertiskyn mannsins eru öflugustu mælitækin þegar matvörur eru metnar að gæðum. Kolbrún Sveinsdóttir, matvælafræðingur hjá Mátis, er í sérþjálfuðum hópi sem fæst við slíkar prófanir. Þær kallast skynmat.

„Skynmat er kerfisbundið mat á lykt, bragði, útliti og áferð matvæla. Það er notað víða í gæðaeftirliti og Mátis heldur meðal annars námskeið í því fyrir önnur fyrirtæki. Einnig er algennt að við fáum vörur til skoðunar. Það getur verið fiskur, kjöt, kex, popp eða hvað sem er,“ segir Kolbrún þegar hún er spurð út í starf sitt við skynmatið. Hún er líka tilbúin að útskýra það nánar. „Ef við hugsum okkur matvöru sem á að setja á markað þá getum við til dæmis metið geymsluþolið samhliða öðrum mælingum. Matvælafyrirtæki leita til okkar ef vandamál koma upp til dæmis í bragði eða lykt og ef verið er að breyta einhverju í framleiðsluferli matvöru er mikilvægt að vita hvort breytingin hefur einhver áhrif. Því prófum við vöruna fyrir og eftir breytingu.“

Fyrirtækið Mátis tók til starfa um síðustu áramót er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Matvælarannsóknir Keldnaholti, rannsóknastofa Umhverfisstofnunar og líftækniyrirtækin Prokaria og Iceprotein sameinuðust. Kolbrún kveðst hafa verið hjá fyrstnefndu stofnuninni. „Ég kom hingað fyrst 1999. Þá var ég að vinna að masters-verkefni sem fjallaði um

þróun gæðastuðlaðaferðar til að meta ferskleika á heilum laxi. Sú aðferð hefur verið löguð að fleiri fisktegundum og við gáfum meðal annars út bók á nokkrum tungumálum um hana í samvinnu við nokkrar sambærilegar stofnanir í Evrópu,“ lýsir hún.

Sérútbúin aðstaða með aðskildum básum er fyrir skynmatið í Mátis. Þangað koma dómarar og meta matvælin. „Þeir mega ekki hafa neinar upplýsingar sem gætu haft áhrif á skynmatið því það eru eiginleikar vörunnar sem skipta máli. Svörum er safnað í tölvu og niðurstöðurnar unnar tölfraðilega og túlkaðar af skynmatsstjóra,“ lýsir Kolbrún.

Í skynmatshópnum hjá Mátis eru 16-18 manns sem hafa farið í gegnum nokkurskonar grunnþjálfun. Kolbrún segir algeng orð úr mæltu máli notað við skynmatið og tiltekur nokkur sem gætu komið fyrir við mat á eldisþorski: Sæt lykt, skelfisklykt, kjötlykt, soðin mjólk, kartöflur, frystigeymslulykt, harðfisklykt, sur lykt og brennisteinslykt. Um útlitið orð eins og ljós, leiddsluferli matvöru er mikilvægt að vita hvort breytingin hefur einhver áhrif. Því prófum við vöruna fyrir og eftir breytingu.“

Bakgrunnur þeirra sem stunda skynmat skiptir ekki máli að sögn Kolbúnar. „Aðalatriðið er að fólk sé samviskusamt og hafi áhuga og eðlilegt næmi,“ segir hún. „Það er líka þægilegt að hafa fólk í hópnum sem á auðvelt með að mæta því hingað koma oft óvænt verkefni sem þarf að meta strax.“

gun@frettabladid.is

Kvartanir skapa forskot

Impra, nýsköpunarmiðstöð Iðntæknistofnunar, er að hefja nýtt námskeið í þjónustugæðum þar sem kennd er aðferðafræðin sem liggur að baki framúrskarandi þjónustu.

Markmiðið með námskeiðinu er að þátttakendur tileinki sér aðferðafræðina sem liggur að baki framúrskarandi þjónustu. Meðal annars að læra að líta á sérhverja kvörtun sem gjöf og ókeypis ráðgjöf sem hægt er að nýta til að bæta þjónustuna í stað þess að taka reiði viðskiptavina persónulega.

Markvissar umbætur í þjónustu eru lykilatriði til að efla góða þjónustu og skapa



Ef kvörtunum rignir yfir mann er það í raun ókeypis ráðgjöf sem getur gert fyrirtækið mun betra þegar öllu er á botninn hvolft.

forskot í samkeppni.

Námskeiðið er ætlað fyrir stjórnendur og starfsmenn fyrirtækja. Námskeiðið fer fram í fjögur skipti og kostar 15.000 krónur. Allar nánari upplýsingar er að finna á vef IMPRU. www.impra.is



Reykjavíkurborg

LEIKSKÓLASVIÐ REYKJAVÍKUR

Laus störf í leikskólum**Deildarstjóri**

- **Grandaborg**, Boðagrandu 9, sími 562-1855.
- **Heiðarborg**, Selásbraut 56, sími 557-7350. Frá 1. apríl næstkomandi.
- **Laufskálur**, Laufrima 9, sími 587-1140.

Leikskólakennari/leiðbeinandi

- **Bakkaborg**, Blöndubakka 2, sími 557-1240.
- **Garðaborg**, Bústaðavegi 81, sími 553-9680/553-9681.

- **Grandaborg**, Boðagrandu 9, sími 562-1855.
- **Heiðarborg**, Selásbraut 56, sími 557-7350. Frá 1. apríl næstkomandi.
- **Laufskálur**, Laufrima 9, sími 587-1140.

Sérkennsla

- **Heiðarborg**, Selásbraut 56, sími 557-7350.

Nánari upplýsingar um þessi störf veita leikskólastjórar í viðkomandi leikskólum. Einnig veitir Starfsmannþjónusta Leikskólasviðs upplýsingar í síma 411 7000. Laun eru samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélög. Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar um laus störf er að finna á www.leikskolar.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.



Reykjavíkurborg

Menntasvið Reykjavíkur



Skólastjóri Klébergsskóla

Laus er staða skólastjóra Klébergsskóla í Reykjavík.

Í skólanum eru um 170 nemendur í 1. - 10. bekk. Klébergsskóli er á Kjalanesi og hóf starfsemi sína haustið 1930. Einkunnarorð skólans eru virðing, samvinna og metnaður. Í skólanum er teymisvinna nemenda og samkennsla árganga nýtt til að efla einstaklingsmiðað nám þar sem fjölgreindarhugmyndir eru lagðar til grundvallar.

Skólinn býr vel að húsnæði og er í stórkostlegu náttúrulegu umhverfi milli fjalls og fjöru. Auk nemenda af Kjalarnesi þjónar skólinn nemendum úr Kjósarhreppi. Tónlistarskóli er rekinn í skólanum undir stjórn skólastjóra grunnskólans.

Reykjavíkurborg leggur áherslu á þróun skóla í átt til einstaklingsmiðaðs náms, samvinnu nemenda, sterka sjálfsmynd þeirra og skóla án aðgreiningar. Auk þess er lögð áhersla á að styrkja tengsl skóla við grenndarsamfélagið og sjálfstæði skóla.

Meginhlutverk skólastjóra er að:

- Vera leiðtogi skólans og veita faglega forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi.
- Stýra og bera ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri skólans.

Menntunar- og farnirkröfur:

- Kennaramenntun og framhaldsmenntun á sviði stjórnunar, uppeldis- eða kennslufræði
- Stjórnunarhæfileikar og reynsla af stjórnun
- Fjölbreytt reynsla af kennslu og vinnu með börnum og unglingum
- Lipurð í mannlegum samskiptum

Staðan er laus frá og með 1.apríl 2007. Umsóknum fylgi yfirlit yfir nám og störf og gögn er varða frumkvæði á sviði skólamála, greinargerð um hugmyndir umsækjenda um framkvæmd skólastarfsins, auk annarra gagna er málið varðar.

Umsóknarfrestur er til 5. mars. Umsóknir sendist Menntasviði Reykjavíkur, Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík. Upplýsingar gefa Valgerður Janusdóttir starfsmannastjóri, valgerdur.janusdottir@reykjavik.is og Anna Kristín Sigurðardóttir, skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu, anna.kristin.sigurdardottir@reykjavik.is í síma 411 7000. Laun eru skv. kjarasamningi LN og KÍ.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Hagfræðingur / viðskiptafræðingur

Neytendasamtökin auglýsa eftir hagfræðingi / viðskiptafræðingi. Verksvið þessa starfsmanns er fjölbreytt á sviði neytendamála.

Nánari upplýsingar gefur Jóhannes Gunnarsson formaður Neytendasamtakanna í sínum 545 1200 og 545 1203.

Umsóknum skal skila á skrifstofu Neytendasamtakanna í síðasta lagi 14. mars nk. á skrifstofu Neytendasamtakanna Síðumúla 13 eða í tölvupósti jg@ns.is.



Starf með ungu fólki

Skátasamband Reykjavíkur auglýsir eftir starfsmanni til að vinna að ýmsum verkefnum fyrir skáta í Reykjavík í sumar. Um er að ræða fjölbreytt starf, svo sem erindrekstur, skrifstofustörf, umsjón með sumarstarfi og ýmsum viðburðum. Allt eftir nánara samkomulagi. Viðkomandi þarf að hafa reynslu af starfi með ungu fólki og helst uppeldismenntun. Reynsla af skátastarfi er æskileg. Viðkomandi þarf að geta hafið ýmis undirbúningsstörf fljótlega.

Upplýsingar eru veittar í síma 820 3330 (Eiríkur) og 820 8520 (Sigurður). Umsóknir sendist með tölvupósti á póstfangið ssr@skataland.is

Formaður Skátasambands Reykjavíkur



Framleiðslusvið Orkuveitu Reykjavíkur óskar eftir að ráða:

Orkuveita Reykjavíkur er framsækið þjónustufyrirtæki sem aflar og dreifir vistvænni orku á sem hagkvæmestan hátt og í sátt við umhverfið.

Á þjónustusvæði fyrirtækisins býr meira en helmingur íslensku þjóðarinnar. Stefna Orkuveitunnar er að veita viðskiptavinum sínum bestu mögulegu þjónustu og sjá þeim fyrir ódýrri orku sem framleidd er úr endurnýjanlegum íslenskum orkulindum. Þannig stuðlar fyrirtækið að aukinni notkun hreinnar innlendrar orku og leggur um leið sitt af mörkum til nýsköpunar og framfara í landinu.

Orkuveitan er fjölbreyttur og lifandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi og vinnu-umhverfi og möguleika starfsfólks við að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð eins og kostur er.

Það er stefna Orkuveitu Reykjavíkur að auka hlut kvenna í stjórnunar- og ábyrgðarstöðum innan fyrirtækisins.

Fyrirtækið er:
Sveigjanlegt, það lagar sig að breyttum aðstæðum
Sýnir frumkvæði og er opið fyrir nýjungum
Sækir fram af eldmóði
Traust og starfar í sátt við umhverfið

Vélaverkfræðingur/vélataeknifræðingur

Í deildinni starfa verk- og tæknifræðingar, sem hafa sérþekkingu á búnaði og tækjum Framleiðslusviðs. Þeir annast fjárhagsáætlanagerð, skipuleggja viðhalds- og framkvæmdaverkefni og stýra þeim.

Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Umsjón með uppbyggingu og þróun dælustöðva hitaveitu
- Umsjón með virkjun lághitasvæða
- Gerð kostnaðar- og framkvæmdaáætlana fyrir hitaveitukerfi
- Hagkvæmnirannsóknir og bestun kerfa
- Forsendugerð og gangsetning verkefna
- Eigendahlutverk á verkefnum Framleiðslusviðs tengdum búnaði dælustöðva og flutningsæða

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í vélaverk- eða vélataeknifræði
- Starfsreynsla og þekking á hitaveitu
- Góð tölvukunnátta
- Færni í mannlegum samskiptum
- Metnaður, áhugi og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Skipulagshæfileikar og þekking á verkefnastýringu

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Guðlaugur Amarsson (guðlaugur.amarsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 4. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR



Sumarstörf hjá Norðuráli !

Við óskum eftir rösku og áhugasömu fólki til afleysinga hjá Norðuráli í sumar. Störfín eru fjölbreytt, tækifæri gefast til að öðlast mikilvæga starfsþekkingu og góð laun eru í boði. Um er að ræða vaktavinnu í:

Kerskála ● Steypuskála ● Skautsmiðju ● Vöruhúsi

Einnig vantar afleysingafólk til vinnu við ræstingar (dagvinna og helgarvinna)

Umsækjendur þurfa að vera:

- 18 ára eða eldri
- samviskusamir og duglegir
- jákvæðir og hressir í samskiptum
- tilbúnir að takast á við krefjandi verkefni

Jafnrétti

Við leggjum áherslu á jafna möguleika karla og kvenna til starfa hjá Norðuráli.

Starfsandi

Við leggjum mikið upp úr góðum starfsanda og tökum vel á móti þér.

Hvernig sækir þú um?

Tekið er við umsóknum og fyrirspurnum í síma 430 1000. Þú getur líka sótt um á vef fyrirtækisins: www.nordural.is, sent umsókn þína á netfangið umsokn@nordural.is eða póstlagt umsóknina, merкта: Sumarstörf.

Umsóknarfrestur
er til 15. mars.

Norðurál

Hjá okkur starfa nú um 400 manns að margvíslegum verkefnum. Norðurál framleiðir árlega 220.000 tonn af áli til útflutnings og unnið er að stækkun álversins sem felur í sér að framleiðslugetan verður aukin í 260.000 tonn á þessu ári.

NA **NORÐURÁL**
Century ALUMINUM

Grundartanga • 301 Akranesi • Sími 430 1000 • Fax 430 1001 • nordural@nordural.is • www.nordural.is

ERTU RÉTTUR MAÐUR Á RÉTTUM STAÐ?

Kíktu á www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



VAKTSTJÓRI ÖRYGGISVARÐA.

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöðu vaktstjóra öryggisvarða lausa til umsóknar.

Umsóknarfrestur er til og með 2. mars 2007.
Umsóknargögn og allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins:
<http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html>

Við leitum að

Grafískum Hönnuði

IGM vill bæta við sig Grafískum Hönnuði til vinna að frábærum vef- og margmiðlunarlausnum auk kynningar-efnis fyrir fyrirtæki.

Starfssvið:

- Hönnun framúrskarandi veflausna
- Hönnun kynningarefnis fyrir fyrirtæki
- Hönnun og úrvinnsla markmiðlunarefnis

Hefur þú:

- Mikla sköpunargleði og getur unnið sjálfstætt
- Getur þú unnið undir álagi
- Ert skipulagður
- Getur þú unnið í hóp
- Hefur þú starfsreynslu
- Áhugi á Flash, 3D og After Effects kostur en ekki skilyrði

IGM er framsækið þjónustufyrirtæki í gerð vef- og margmiðlunarlausna auk kynningarefnis fyrir fyrirtæki hér heima og erlendis. Hjá okkur ríkir mikill metnaður í okkar lausnum fyrir hönd viðskiptavina okkar svo að þeir verði fremri en samkeppnin. Hjá IGM starfar frábært fólk sem gott og gaman er að vinna með.

Umsóknir ásamt starfferilsskrá ásamt upplýsingum um unnin verk jafnvel sýnishorn sendist á eidur@igm.is fyrir 10. mars.

Öllum umsóknum verður svarað. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

ERT ÞÚ

VERKFRÆÐINGUR EÐA TÆKNIFRÆÐINGUR?

Vegna nýrra verkefna framundan við verkefnastýringu og undirbúning framkvæmda óskast byggingaverkfræðingur eða byggingatæknifræðingur til starfa á verkefnastjórnunar- og framkvæmdasviði THG.

Leitað er að metnaðarfullum og jákvæðum einstaklingum með a.m.k. 5 ára reynslu í verkefnisstjórnun og eftirliti með verklegum framkvæmdum.

Viðkomandi verður að geta stýrt verkefnum og borið ábyrgð á þeim f.h. stofunnar. Starfið felst í að stýra verkefnum á hönnunar- og á framkvæmdastigi.

Hæfniskröfur:

- Fimm ára reynsla við verkefnastýringu og eftirlit
- Skipulögð vinnubrögð
- Góð þekking á hugbúnaði til áætlunargerða er áskilin
- Reynsla við gerð kostnaðaráætlana

Umsóknum með upplýsingar um menntun og starfsreynslu skal skila til THG, Faxafeni 9, 108 Reykjavík. Algjör trúnaður við meðferð umsókna.

Nánari upplýsingar veitir Ragnar Sær Ragnarsson framkvæmdastjóri í síma 545 1600 eða 861 7227 og á netfanginu ragnars@thg.is

THG ARKITEKTAR ehf
Faxafeni 9, 108 Reykjavík
Brekustíg 39, 230 Reykjanesbæ
Snaregade 12, DK-1205 Kaupmannahöfn

THG, er framsækið og öflugt fyrirtæki á sviði hönnunar, verkefna- og byggingastjórnunar mannvirkjaframkvæmda. Verkefnastaða fyrirtækisins er sterk og mörg stór verkefni sem liggja fyrir á komandi árum. Helsta hönnunarforrit stofunnar er AutoCad, ADT 2007. Allt frá stofnun fyrirtækisins árið 1994, hefur það verið metnaðarmál að uppfylla óskir viðskiptavina á faglegan og hagkvæman hátt. Starfsmenn THG eru 35 og búa yfir fjölbreytilegri reynslu á sviði hönnunar, verkefnastjórnunar og áætlunargerðar.



THG ARKITEKTAR

WWW.THG.IS



Ferðaskrifstofustarf

Vegna aukinna umsvifa hjá okkur á ferðaskrifstofunni Atlantik höfum við huga á að bæta við tveimur starfsmönnum á skrifstofu okkar.

Verkefnastjóri í hvataferðadeild

Við erum að leita að starfsmanni með mjög góða tungumálakunnáttu, einkum í ensku bæði talaðri og ritaðri. Starfsmaðurinn þarf að búa yfir eldmóði og metnaði í öllu því sem tekist er á hendur. Viðkomandi þarf einnig að geta unnið vel undir álagi, hafa góða skipulagshæfileika og mikla þjónustulund. Starfsmaðurinn þarf að geta unnið langan vinnudag og yfirvinnu á álagstímum. Menntun á sviði ferðaþjónustu eða önnur menntun á háskólastigi er æskileg.

Fulltrúi – almennt skrifstofustarf

Við erum einnig að leita að starfsmanni með IATA/UFTA réttindi. Um er að ræða starf við úrvinnslu, aðstoð við undirbúning og framkvæmd hópa, bókanir og almenna aðstoð á skrifstofunni. Viðkomandi þyrfti ennfremur að geta séð um flugbókanir innanlands og utan, auk þess að aðstoða við dagleg störf í fleiri deildum. Í þetta starf erum við að leita að starfsmanni sem hefur brennandi áhuga á almennt ferðaþjónustu, hefur ríka þjónustulund, þekkir til innlendra birgja í ferðaþjónustu og er tilbúinn að vinna heilmikið þegar mikið liggur við.

Hjá Atlantik er starfsumhverfið spennandi, sérstaklega fjölbreytt, krefjandi og í sífelldri mótn. Í dag starfa 14 manns hjá fyrirtækinu.

Starfsmannastefna Atlantik
Markmið Atlantik er að virkja eldmóð og keppnisanda hjá hæfu, traustu og áhugasömu starfsfólki. Starfsfólk Atlantik sýnir frumkvæði, þjónustulund og tekur virkan þátt í því að efla þjónustu og heildarhag fyrirtækisins með því að skara fram úr en styðja jafnframt hvert við annað og vinna saman.

Skriflegar umsóknir ásamt lífshlaupi berist Fréttablaðinu á netfangið box@frett.is merkt "atlantik" – 15" og því starfi sem sótt er um fyrir 16. mars 2007.



Verkfræðistofan Hamraborg
Hamraborg 10 - 200 Kópavogi
Sími: 554 2200 - Fax: 564 2277
Netfang: saevar@hamraborg.is

VERKFRÆÐINGAR / TÆKNIFRÆÐINGAR

Verkfræðistofan Hamraborg sf óskar eftir að ráða byggingaverkfræðing eða tæknifræðing til almennra hönnunarstarfa á bygginga- sviði til þess að takast á við spennandi verkefni

Þekking í audocad er æskileg en ekki skilyrði.

Fyrirtækið hefur m.a. sérhæft sig í hönnun bygginga, eftirliti með framkvæmdum og byggingastjórnun. Í boði eru góð laun, góð vinnuaðstaða og fjölbreytt verkefni.

Nánari upplýsingar gefur Sævar Geirsson í síma 893 1051. Umsóknir sendist með tölvupósti saevar@hamraborg.is

Meiraprófbílstjórar Vélamenn

Arnarverk ehf óskar efiir meiraprófbílstjóra á dráttarbil og vélamenn vana vinnu á gröfu og jarðýtu til framtíðarstarfa.

Reynsla, réttindi og lipurð í mannlegum samskiptum.

Um framtíðarstörf er að ræða.

Starfið stendur báðum kynjum til boða.

Allar nánari upplýsingar um starfið veitir Ágústa í síma 864 2387.

Umsóknir sendist á: Arnarverk1@simnet.is.

Nordica hotel
ICELANDAIR HOTELS

Þjónar og aðstoðarfólk í sal

Óskað er eftir framreiðslumönnum, aðstoðarfólki og barþjónum í veislusali Nordica hotel.

Viðkomandi þarf að hafa góða þjónustulund og ábyrgð í starfi, vera sjálfstæður skipulagður og sýna öguð vinnubrögð.

Vinsamlegast sendið umsóknir til veitingastjóra veisludeildar á tölvupóstfangið, pallh@icehotels.is fyrir 5. mars 2007

Þjónustuverkstæði og móttaka



Bífreiðaumboðið Bernhard ehf. óskar eftir að ráða kraftmikla einstaklinga til starfa á þjónustuverkstæði og í móttöku verkstæðisins.

ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI

Starfssvið:

- Almennar viðgerðir og þjónusta á Honda og Peugeot bífreiðum og mótorkjólum

Hæfniskröfur:

- Menntun í bifvélaþjónu eða vélþjónu æskileg
- Reynsla af sambærilegum störfum æskileg
- Mikill bílaáhugi

MÓTTAKA ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐIS

Starfssvið:

- Móttaka viðskiptavina
- Skráning tímapantana
- Reikningagerð
- Almenn afgreiðsla

Hæfniskröfur:

- Góð þekking á bifreiðum
- Reynsla af sambærilegum störfum æskileg
- Góðir samskiptahæfileikar
- Jákvætt og glaðlegt viðmót

Bernhard ehf. er reyklusinn vinnustaður

Umsóknarfrestur er til og með 25. febrúar nk.

Áhugasömum er bent á að leggja inn umsókn á heimasíðu Ráðningarþjónustunnar www.radning.is og sækja þar sérstaklega um starfið.

Umsjón með störfunum hefur
Inga Steinunn Arnardóttir, inga@radning.is



RÁÐNINGAR
ÞJÓNUSTAN

Krókháls 5a • 110 Reykjavík • Sími: 588 7700 • Fax: 588 8700 • www.radning.is • radning@radning.is



Eimskip er alþjóðlegt flutningafyrirtæki með starfsemi í 21 landi. Hjá fyrirtækinu starfa um 8.500 manns í spennandi og fjölbreyttu vinnuumhverfi.

Þjónustunet Eimskips samanstendur af 163 skrifstofum félagsins í Evrópu, N-Ameríku, S-Ameríku og Asíu, tæplega 50 skipum, 1.350 flutningabílum og tengivögnum og yfir 100 kæli- og frystigeymslum í Evrópu, N-Ameríku og Asíu, ásamt dótturfélögum og samstarfsaðilum.

Endurskoðandi Gott tækifæri hjá traustu fyrirtæki

Eimskip leitar að endurskoðanda til starfa í höfuðstöðvum félagsins í Reykjavík. Fyrir réttan aðila er í boði fjölbreytt, áhugavert og krefjandi starf hjá traustu fyrirtæki sem starfar í alþjóðlegu umhverfi.

Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Vinna að ársuppgjöri Eimskipssamstæðunnar og milliuppgjörum sem samin eru í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla.
- Hafa yfirsýn og umsjón með skattamálum bæði á Íslandi og erlendis.
- Koma að innra eftirliti hjá fyrirtækjum Eimskips bæði á Íslandi og erlendis.
- Taka þátt í áætlanagerð fyrir félagið, meta fjárfestingarkosti og taka þátt í innleiðingu nýrra upplýsingakerfa.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Löggiltur endurskoðandi eða viðskiptafræðingur af endurskoðunarsviði með reynslu af endurskoðunarstörfum.
- Góð enskukunnátta.
- Hæfni til að sýna frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.
- Geta til að vinna undir álagi.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

Umsjón með ráðningunni hefur Elín Hjálmsdóttir, sérfræðingur á starfsþróunarsviði Eimskips, í síma 525 7375. Netfang: ehd@eimskip.is.

Tekið er á móti umsóknum í gegnum heimasíðu okkar, www.eimskip.is.
Umsóknarfrestur er til og með 6. mars 2007.

Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

Leikskólinn Mánabrekka Mötuneyti

Laust er til umsóknar starf í eldhúsi í Leikskólanum Mánabrekku Seltjarnarnesi.

Leikskólinn leggur sérstaka áherslu á umhverfis- og náttúruvernd og er einn fátta leikskóla sem hlotið hafa Grænfánann.

Vinnutími er frá kl. 8:00 til 16:00. Starfsmaður þarf að geta leyst matreiðslumann af í fjarveru hans.

